

Svar

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um aldurssamsetningu stjórnenda stofnana ráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er aldurssamsetning stjórnenda stofnana atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og fulltrúa í nefndum og ráðum sem heyra undir hann?

Aldurssamsetning æðstu stjórnar stofnana og fulltrúa í nefndum og ráðum er samkvæmt meðfylgjandi töflu. Miðað er við stöðu 31. desember 2015 og náði samantektin til alls 233 einstaklinga.

Í töflunni kemur fram fjöldi einstaklinga á fimm mismunandi aldursbilum, auk heildarfjölda og meðalaldurs fyrir A-hluta stofnanir, nefndir og ráð sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Til æðstu stjórnar stofnana teljast forstöðumenn stofnana. Í samantektinni varðandi nefndir og ráð voru eingöngu teknir aðalmenn og í þeim tilvikum þar sem sami einstaklingur er í mörgum nefndum og ráðum er viðkomandi talinn með í öllum nefndum og ráðum sem hann situr í.

	Stofnanir	Nefndir og ráð
Yngri en 30 ára	0	7
30–39 ára	0	41
40–49 ára	4	82
50–59 ára	0	66
60 ára og eldri	2	37
Fjöldi	6	233
Meðalaldur	52 ár	49 ár